

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 15. maí 2017, kl 14.30. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Áslaug Berta Guttormsdóttir, Jón Örn Pálsson, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Formaður kynnti að Ingibjörg Emilsdóttir, hefði boðað forföll og í hennar stað sæti fundinn Áslaug Berta Guttormsdóttir.

Gengið til boðaðar dagsskrár sem hér segir

1. Fundargerð stjórnarfundar 3. maí 2017
2. Tillaga um breytingu á samþykktum FV
3. Dagskrá Fjórðungspings Vestfirðinga
4. Önnur mál.

1. Fundargerð stjórnarfundar 3. maí 2017
Fundargerð sem staðfest var í tölvupósti lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Fundargerð staðfest. Áslaug og Sigurður sitja hjá við afgreiðslu fundargerðar þar sem þau sátu ekki fundinn.

2. Tillaga um breytingu á samþykktum.
Tillaga um breytingu á samþykktum um fjölda fulltrúa á Fjórðungspingi og atkvæðavægi.

Formaður vísaði til umfjöllunar stjórnarfundar 3. maí s.l., um tillögu 61. Fjórðungspings að vísa til stjórnar tillögu Vesturbyggðar um breytingu á atkvæðavægi sveitarfélaga. Tillaga þess efnis hefur verið til umfjöllunar í stjórn fram að þessum fundi.

Núverandi grein er sem hér segir;

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1000 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungshing.

Formaður lagði til að eftirfarandi tillaga um breytingu á samþykktum verð lögð fyrir 62. Fjórðungshing. Tillagan felur í sér breytingu á viðmiði íbúafjölda og vogtölu.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungshing og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungshing og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungshing eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungshingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 300 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 301-600 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 601-1200 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1200 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungshing.

Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum. Sigurður Hreinsson situr hjá við afgreiðslu mállsins.

Framkvæmdastjóra falið að senda sveitarstjórnnum tillöguna til kynningar.

3. Dagskrá 62. Fjórðungshings Vestfirðinga

Tekin til umræðu efnisatriði dagskrár Fjórðungshings, samkvæmt 8. gr. samþykktu FV. Boð var sent sveitarfélögum þann 19. apríl s.l., þingið verður haldið í Félagsheimilinu í Bolungarvík og hefst kl 13.00.

- Framkvæmdastjóri óskaði eftir frestun á afgreiðslu ársreiknings 2016 og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar 2017. Tillagan samþykkt.
- Tillaga um laun stjórnar og nefnda FV til 62. Fjórðungshings, er að á árinu 2017 taki laun mið af þingfarakaupi þann 1. október 2016 kr 762.940,- en hlutföll af þingfarakaupi verði óbreytt frá 61. Fjórðungshingi. Tekin verði upp umræða um ákvörðun launa stjórnar og nefnda á haustþingi. Tillagan samþykkt.
- Tillaga til 62. Fjórðungshings um dagsetningu haustþings og umfjöllunarefnis. 2. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga verði haldið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, föstudag 29. og laugardag 30. september n.k.. Umfjöllunarefni

Þingsins verði tvö, innviðamál og tekjustofnar sveitarfélaga með áherslu á auðlindagjaldtöku.

- Tillaga um breytingu á dagskrá 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga, formaður lagði til að undir liðnum önnur mál verði tekið til umræðu.
 - a. Innviðabylting á Vestfjörðum. Ásgeir Margeirsson, formaður stjórnar Vesturverks
 - b. Vestfjarðastofa. Vinnufundur um mótun framtíðarsýnar Vestfjarðastofa. Arnar Jónsson og Róbert Ragnarsson, Capacent.

Gera má ráð fyrir að þingslit verði kl 17.00. Framkvæmdastjóra falið að senda sveitarfélögum tilkynningu um breytingu á efni þingsins.

4. Önnur mál.

Boðað verði til stjórnarfundar föstudaginn 19. maí n.k., kl 14.30. Til umfjöllunar verði ársreikningur 2016 og endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Lagt fram boð á til FV sem áheyrnarfulltrúa á aðalfund NAVE, sem haldinn verður þann 31. maí n.k. í Bolungarvík. Samþykkt að framkvæmdastjóri sæki fundinn.

Lagt fram boð á ársfund Háskólaseturs Vestfjarða ses sem haldinn verður á Ísafirði þan 24. maí n.k.. Fulltrúi FV, Friðbjörg Matthíasdóttir, í fulltrúaráði Háskólasetursins hefur boðað forföll en varafulltrúi, Daníel Jakobsson mun mæta í hennar stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.20.